

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 3. júní 2010 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-63/2010.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 10. maí sl. bað A um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á Playstation 3, hjá B. Álitsbeiðandi segir tækið vera gallað og krefst þess að seljandi afhendi sér nýtt sams konar tæki.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 11. maí sl., var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og frestur til þess að skila þeim til 25. maí. Engin andsvör bárust. Með bréfi, dags. 1. júní sl., var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Samkvæmt greiðslusamningi sem álitsbeiðninni fylgdi keypti C Playstation 3, fjarstýringu o.fl. hjá B, 9. desember 2007 fyrir kr. 46.840. Álitsbeiðandi kveðst hafa fengið tækið í jólagjöf og verður að líta á hann sem réttan aðila álitsbeiðinnar. Álitsbeiðandi segir tækið hafa slökkt skyndilega á sér 5. febrúar 2010 og hafi ekki verið hægt að ræsa það aftur. Hann hafi haft samband við seljanda 8. febrúar sem ekki hafi viljað gangast við ábyrgð á tækinu þar sem hún væri fallin úr gildi. Hann hafi og haft samband við fyrirtækið D, sem sé umboðsaðili framleiðanda, og fengið sömu svör. Álitsbeiðandi segist vita að um sé að ræða framleiðslugalla í tækjum af þessari gerð eins og sjá megi af spjallvefjum. Lóðningar á örgjörvum losni frá móðurborði og við það rofni samband.

IV

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og B falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í framangreindum lögum og reglugerð segir að greini aðila að kaupum sem falla undir lög um lausafjárkaup, þjónustukaup eða neytendakaup geti þeir, einn eða fleiri, snúið sér til kæruneftndarinnar og óskað eftir álitsgerð hennar um ágreiningsefnið. Hlutverk kæruneftndarinnar er því að taka afstöðu til þess fyrir sitt leyti hvern rétt aðilar kaupanna eiga samkvæmt ákvæðum framangreindra laga. Ágreiningur aðila í þessu máli fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Seljandi hefur ekki sent kæruneftndinni andmæli og verður að því er atvik málsins varðar að byggja á því sem fram kemur í álitsbeiðni og gögnum málsins.

Álitsbeiðandi hefur lýst því í hverju bilun á tækinu sem hann fékk að gjöf er fólgin og er engin ástæða til að draga þá lýsingu í efa. Það er hins vegar svo að til þess að neytandi eigi rétt á úrbótum á galla samkvæmt neytendakaupalögunum, hver svo sem hann kann að vera, verður neytandinn að beina kvörtun vegna gallans til seljanda í samræmi við ákvæði 27. gr. laganna, en 1. og 2. mgr. þeirrar greinar hljóða svo:

☐Ef söluhlutur er gallaður ber neytanda að tilkynna seljanda um að hann muni bera gallann fyrir sig án ástæðulauss dráttar frá því að hann varð galla var eða mátti verða hans var. Frestur neytanda til að leggja fram kvörtun er aldrei styttri en tveir mánuðir frá því að hann varð galla var.

☐Ef neytandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki borið gallann fyrir sig síðar. Ef söluhlut, eða hlutum hans, er ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti er frestur til að bera fyrir sig galla fimm ár frá því að hlutnum var veitt viðtaka. Þetta gildir ekki ef seljandi hefur í ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum samningi tekið á sig ábyrgð vegna galla í lengri tíma. Frestir skv. 1. og 2. málsl. eiga ekki við ef um er að ræða galla skv. g-lið 2. mgr. 15. gr.

Það er álit kæruneftdarinnar að um söluhlutinn Playstation 3 gildi ótvírætt tveggja ára kvörtunarfrestur, sbr. 1. málsl. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003, en ekki kvörtunarfrestur samkvæmt 2. málsl. sömu málsgreinar þar sem slíku tæki er ekki hægt að ætla verulega lengri líftíma en almennt gerist um söluhluti. Af gögnum málsins sést að álitsbeiðandi kvartaði ekki við seljanda fyrr en rúm tvö ár voru liðin frá því að söluhluturinn var afhentur. Þar sem kvörtun álitsbeiðanda barst seljanda ekki innan þess frests sem ákveðinn er í lögum nr. 48/2003 getur álitsbeiðandi ekki borið fyrir sig við seljanda að söluhluturinn hafi verið gallaður og gert kröfur á hendur honum vegna gallans. Það verður því að álit kæruneftdarinnar að hafna kröfum álitsbeiðanda.

V

Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, A, er hafnað.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

